

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um heildstæðan unglingaskóla í sunnanverðum Grafarvogi – þriðji fundur.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 4. október 2011

Tími: 16:00-18:00

Fundarstaður: Foldaskóli

Verkefni og markmið fundar:

- Framhald á verkefnagreiningu

Þetta gerðist:

1. Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi á skóla – og frístundasviði stjórnaði framhaldi á verkefnagreiningu frá seinasta fundi. Á fundinum fór fram áhættugreining þar sem fundarmenn ræddu hvað gæti mögulega farið úrskeiðis í verkefninu. Hver áhættuþáttur var metinn út frá alvarleika og líkum og síðan rætt til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á að viðkomandi áhættuþáttur kæmi upp. Þá fór fram umræða um hvaða þætti starfshópurinn vildi hafa að leiðarljósi svo samstarfið yrði árangursríkt.

Hópurinn vann saman og voru hugmyndir fulltrúanna skráðar niður jafnóðum. Með hjálp tölvu og myndvarpa gátu fulltrúarnir fylgst með skráningu uppi á vegg.

Niðurstöður þessarar vinnu munu birtast í verk- og tímaáætlun fyrir sameiningarverkefnið. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á vefsvæði hópsins.

Eftirtaldir ákvarðanir voru teknar:

- Ákveðið að reyna að komast í heimsókn í Árbæjarskóla á næsta fundi. (*Síðar kom í ljós að skólastjóri skólans getur tekið á móti hópnum þriðjudaginn 18. október kl. 15).*

Fundi slitið kl. 18:05

Viðstaddir:

Frá Foldaskóla

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri
Kristrún Guðjónsdóttir fulltrúi starfsmanna
Oddný Árnadóttir fulltrúi foreldra

Frá Hamraskóla

Yngvi Hagalínsson skólastjóri
Guðríður Guðfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna
Elín Hjálmsdóttir fulltrúi foreldra

Frá Húsaskóla

Valgerður Selma Guðnadóttir skólastjóri
Sesselja Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna
Magnea Lena Björnsdóttir fulltrúi foreldra

Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær

Hulda Valdís Valdimarsdóttir deildarstjóri

Frá Skóla – og frístundasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi